

**Ed.**

**404. Frumvarp**

til laga um gjöld til holræsa og gangstjetta á Akureyri.

(Eftir 2. umr. i Ed.).

1. gr.

Þar sem bæjarstjórnin hefir lagt holræsi i götu á kostnað bæjarsjóðs, er hverjum húseiganda skylt að gera á sinn kostnað ræsi, er flytji alt skolp frá húsi hans út i göturæsið. Skulu þau ræsi ekki vera lakari að gerð en göturæsin og gerð undir umsjón veganeftndar, eða þess manns, er hún felur umsjónina, samkvæmt reglugerð, er bæjarstjórnin setur um tilhögun skolpræsa innan húss og utan. Skal i þeirri reglugerð ákveða, að regnvatn skuli leitt i göturæsin. Vanræki nokkur að gera þetta innan hæfilegs frests, sem bæjarstjórnin setur, getur bæjarstjórnin látið vinna verkið á kostnað húseiganda.

Fyrir öllum kröfum, sem bæjarstjórnin öðlast á hendur húseigendum og lóðareigendum, samkvæmt framansögðu, hefir bæjarsjóðurinn lögveð i húsinu eða lóðinni, og gengur sá veðrjettur fyrir öllum veðskuldum eftir samningi.

2. gr.

Kostnaður við holræsagerð i götum bæjarins, og sömuleiðis kostnaður við steinlimdar, hellulagðar og aðrar jafnvandaðar gangstjettir, greiðist úr bæjarsjóði. En heimilt er bæjarstjórninni að leggja holræsa- og gangstjettaskatt á hús og lóðir i bænum, samkvæmt reglugerð, er hún setur og stjórnarráðið samþykkir. Skal gjaldið miðað við skattvirðingarverð húseigna og lengd lóða með fram götu, þar sem holræsi eða gangstjettir verða lagðar.

3. gr.

Lögtaksrjettur fylgir öllum kröfum og gjöldum samkvæmt lögum þessum.